

## Styrktarsjóður VSTS – Úthlutunarreglur sbr. 9 gr. Reglur styrktarsjóðs VSTS

### Tilgangur Styrktarsjóðs VSTS

Meginverkefni Styrktarsjóðs VSTS er að greiða styrki vegna fyrirbyggjandi heilsueflingar. Sjóðurinn er eingöngu fjármagnaður með framlagi VSTS sem greiðir upphæð sem nemur 5% af félagsgjaldi félagsmanna í Styrktarsjóðinn. Þar sem fjármagn sjóðsins er takmarkað verður einnig að takmarka til hvaða málaflokka er greitt hverju sinni. Úthlutunarreglur verða alltaf í stöðugri endurskoðun, til þess að hægt sé að sinna meginverkefnum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins vill vekja athygli á því að í hvert sinn sem sótt er um styrk, þarf að skila umsóknarblaði og frumriti reikninga.

### 1 gr. Inngangur

Greiddur er styrkur til félagsmanna til heilsueflingar samkvæmt eftirfarandi úthlutunarreglum.

### 2. gr. Úthlutun og greiðslufyrirkomulag

Sjóðurinn endurgreiðir að hámarki kr.18,000 á hverju 12 mánaða tímabili vegna líkamsræktar/heilsueflingar, samanber liði a. og b. hér eftir og skal líða eitt ár hið minnsta milli styrkveitinga:

a. Árskort í viðurkenndar líkamsræktarstöðvar og greiðist styrkur eftirfarandi:

a1. Árskort að verðmæti allt að kr. 35.000 greiðist 50% styrkur eða kr. 9.000.

a2. Árskort að verðmæti kr. 36.000 eða hærri greiðist 100% styrkur eða kr. 18.000.

b. Árskort í sundlaugar og greiðist styrkur eftirfarandi:

b1. Árskort að verðmæti allt að kr. 35.000 greiðist 50% styrkur, eða kr. 9.000.

b2. Árskort að verðmæti kr. 36.000 eða hærri greiðist 100% styrkur eða kr. 18.000

Félagsmenn geta sótt um styrk einu sinni á 12 mánaðartímabili.

Sjóðurinn veitir ekki styrki vegna kaupa á gatakortum.

### 3.gr Hvernig sækir ég um hjá sjóðnum?

Umsókn um styrk skal gerð á til þess gerðum umsóknareyðublöðum umsóknir um styrki úr sjóðnum eru í rafrænu formi á vefnum **vsts.is** Umsókn skal skilað til skrifstofu Styrktarsjóðs VSTS, að Hafnargötu 15, 230 Reykjanesbæ ásamt tilskyldum gögnum.

#### 4. gr Gögn sem þurfa að fylgja umsókn

- Frumrit af dagsettri kvittun þar sem fram kemur nafn og kennitala seljanda og kaupanda og upphæðin sem greiddvar.
- Kvittanir skulu ætíð vera með stimpli og kennitölu þjónustuaðila, skal fylgja frumrit reiknings, sem ber með sér tímasetningu, nafn og kennitölu umsækjanda.

#### 5. gr Afgreiðsla styrkja

Umsókn skal hafa borist skrifstofu sjóðsins eða hafa verið pósthöfð áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því að réttur til greiðslu stofnaðist. Umsókn skal skilað inn fyrir 15. hvers mánaðar. Að jafnaði er þá greitt út síðasta dag hvers mánaðar eða næsta virka dag á eftir.

Þegar styrk umsókn hefur verið samþykkt er styrkur greiddur inn á reikninga félagsmanns um mánaðarmót eða fyrst virka dag á eftir.

Gott að vita:

Réttur sjóðfélaga er bundinn við aðild að sjóðnum líkt og reglur sjóðsins kveða á um. (Skila þarf umsóknareyðublaði ásamt frumriti reiknings þar sem fram kemur nafn og kennitala umsækjanda, dagsetningar og upphæð). Starfsmenn sjóðsins hafa heimild til að endursenda umsóknir ef gögn fullnægja ekki reglum sjóðstjórnar.

Hafa samband:

Hægt er að hringja og fá nánari upplýsingar um starfsemi sjóðsins í síma 421-2877 eða senda inn fyrirspurn í tölvupósti á netfangið [vsts@vsts.is](mailto:vsts@vsts.is)

Allar umsóknir eru trúnaðarmál

Samþykkt á fundi stjórnar styrktarsjóðs 28. febrúar 2017 og gildir frá 1. apríl 2017

Félagsmönnum er bent á að skoða vel reglur sjóðsins

Fh. Stjórn Styrktarsjóðs VSTS

---

Einar R. Ísfjörð, Formaður

---

Ingvar Jón Óskarsson, Gjaldkeri

---

Laila Valgeirsdóttir, Ritari

---

Ágúst Ísfjörð, Stjórnarmaður